

Öryggis- og heilbrigðisstefna Hédins

Hédinn er hátæknifyrirtæki með langa reynslu í hönnun, framleiðslu, uppsetningu og viðhaldi heildarlausna fyrir sjávarútveg, iðnað og orkuframleiðslu. Öryggi og heilbrigði starfsmanna er órjúfanlegur hluti af starfsemi fyrirtækisins og grundvallarforsenda ábyrgra vinnubragða.

Stefna

Stefna Hédins í öryggis- og heilbrigðismálum er að:

- tryggja öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi fyrir allt starfsfólk,
- koma í veg fyrir vinnutengd slys, meiðsli eða önnur heilsutjón,
- stuðla að öflugri öryggismenningu í allri starfsemi fyrirtækisins.

Skuldbindingar

Til að ná þessu skuldbindur Hédinn sig til að:

- vernda öryggi og heilbrigði starfsmanna og annarra sem starfa fyrir hönd fyrirtækisins,
- uppfylla kröfur laga og reglna, sem og aðrar kröfur sem fyrirtækið skuldbindur sig til varðandi öryggis- og heilbrigðismál,
- greina og eyða hættum, meta áhættu og grípa til viðeigandi forvarna í allri starfsemi,
- tryggja samráð og virka þátttöku starfsfólks og fulltrúa þeirra í öryggis- og heilbrigðismálum,
- efla hæfni, vitund og ábyrgð starfsfólks með reglubundinni fræðslu og þjálfun,
- stuðla að stöðugum umbótum í öryggis- og heilbrigðismálum með kerfisbundinni eftirfylgni og endurmati.

Leiðir að markmiðum

Hédinn vinnur að markmiðum sínum m.a. með því að:

- kynna þessa stefnu fyrir öllu starfsfólki og tryggja að hún sé skilin og höfð að leiðarljósi í daglegu starfi,
- hvetja starfsfólk til að koma á framfæri öryggisábendingar, tilkynna hættur og stöðva vinnu sem þeir telja óörugga,
- framkvæma reglubundnar áhættugreiningar,
- tryggja að starfsfólki sé veitt nauðsynlegar persónuvarnir og að farið sé eftir öryggisreglum fyrirtækisins og á viðkomandi verkstað,
- vinna að stöðugum umbótum í öryggis og heilbrigðismálum.

Ábyrgð

Framkvæmdastjóri Hédins ber ábyrgð á að stefnan sé innleidd, viðhaldið og endurskoðuð reglulega, og að allt starfsfólk þekki hana, skilji og fylgi henni í störfum sínum.

Hafnarfjörður, 12. janúar 2026

Eðvarð Ingi Björgvinsson

Eðvarð Ingi Björgvinsson
Framkvæmdastjóri